

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní og til þess tíma, er væntanlegt hráefnisverð verður látið gilda.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní og til þess tíma, er væntanlegt hráefnisverð verður látið gilda.

### Vélskelflett rækja.

#### Færri en 350 stk. í lb.:

	SDR pr. lb. cif.
Blokk fryst .....	2 912,00
5×2 kg. og 4×2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst .....	2 912,00
5×2 kg. og 4×2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst .....	3 052,00
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3 391,00
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3 556,00

#### Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

Blokk fryst .....	2 783,00
5×2 kg. og 4×2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst .....	2 783,00
5×2 kg. og 2×2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst .....	2 912,00
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3 228,00
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....	3 391,00

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1984.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Kristín Magnúsdóttir.*